Fullgild rafræn undirskrift
HRAFNKELL VIÐAR GÍSLASON
Kennitala: 050560-4229
2021-09-25 10:53:11 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Póst- og fjarskiptastofnun

**10 512**

# Ársreikningur 2020

## Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ............................................................ | **2** |
| Yfirlit um afkomu ársins .......................................................................... | **3** |
| Efnahagsreikningur ................................................................................. | **4** |
| Sjóðstreymisyfirlit ................................................................................... | **5** |
| Skýringar ................................................................................................. | **6** |



**Póst- og fjarskiptastofnun**

**kt. 570397-2499**

**Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Póst- og fjarskiptastofnun er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála á Íslandi.

Meginhlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskipta- og póstþjónustu fyrir alla landsmenn. Lög um Póst- og fjarskiptastofnun eru frá 2003 nr. 69.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 572,0 milljónir og afkoma kr. -51,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 6,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 370,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Hrafnkell V. Gíslason,
forstjóri

(undirritað rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga ........ | 2 | 528.600.000 | 434.800.000 |
| Seld þjónusta ........ | 3 | 20.301.185 | 26.969.904 |
| Framlög og ýmsar tekjur ........ | 4 | 9.830.728 | 79.341.257 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára ........ | 2 | 13.244.096 | 13.616.402 |
| **Tekjur samtals** | | 571.976.009 | 554.727.563 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður ........ | 5 | 428.182.865 | 349.839.471 |
| Annar rekstrarkostnaður ........ | 6 | 181.544.957 | 138.844.193 |
| Afskriftir ........ | 7 | 13.244.096 | 13.616.402 |
| **Gjöld samtals** | | 622.971.918 | 502.300.066 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | (50.995.909) | 52.427.497 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap ........ | | (58.876) | (82.929) |
| | | (58.876) | (82.929) |
| **Afkoma ársins** | | (51.054.785) | 52.344.568 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| | Skýr | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Óefnislegar eignir ........ | 8 | 216.678 | 452.974 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 9 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður ........ | | 57.604.850 | 40.795.701 |
| Farartæki og vélar ........ | | 16.972.844 | 6.790.250 |
| | | 74.577.694 | 47.585.951 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 74.794.372 | 48.038.925 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur ........ | | 8.700.385 | 6.891.928 |
| Tengdir aðilar ........ | 10 | 236.390.242 | 274.443.898 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður ........ | | 0 | 62.014 |
| Handbært fé ........ | 11 | 50.711.541 | 60.135.651 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 295.802.168 | 341.533.491 |
| **Eignir samtals** | | 370.596.540 | 389.572.416 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hrein eign ........ | | 6.434.389 | 57.489.174 |
| Bundið eigið fé ........ | | 201.300.000 | 201.300.000 |
| **Eigið fé samtals** | | 207.734.389 | 258.789.174 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ........ | 10 | 7.110.500 | 286.900 |
| Viðskiptaskuldir ........ | | 22.104.423 | 46.154.305 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ........ | 13 | 49.645.153 | 38.895.866 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda ........ | 14 | 84.002.075 | 45.446.171 |
| **Skuldir samtals** | | 162.862.151 | 130.783.242 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 370.596.540 | 389.572.416 |

**Aðrar upplýsingar** 15

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (51.054.785) | 52.344.568 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 13.244.096 | 13.616.402 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (13.244.096) | (13.616.402) |
| | | (51.054.785) | 52.344.568 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | (1.746.443) | (5.036.227) |
| Tengdir aðilar | | 56.677.713 | (69.254.144) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (13.300.595) | 33.334.130 |
| | | 41.630.675 | (40.956.241) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | (9.424.110) | 11.388.327 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 9 | (39.999.543) | (16.159.401) |
| | | (39.999.543) | (16.159.401) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar | | 0 | 4.659.401 |
| Fjárfestingarframlag | | 39.999.543 | 11.500.000 |
| | | 39.999.543 | 16.159.401 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (9.424.110) | 11.388.327 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 60.135.651 | 48.747.324 |
| **Handbært fé í árslok** | | 50.711.541 | 60.135.651 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

## Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................................................................................... | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar ................................................................................................................... | 8-15 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

**2 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 528.600.000 | 434.800.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 13.244.096 | 13.616.402 |
| | 541.844.096 | 448.416.402 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 453.500.000 | 0 | 0 | 453.500.000 |
| Fjáraukalög | (40.000.000) | 0 | 0 | (40.000.000) |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 115.100.000 | 0 | 0 | 115.100.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **528.600.000** | **0** | **0** | **528.600.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (579.654.785) | 0 | 0 | (579.654.785) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(51.054.785)** | **0** | **0** | **(51.054.785)** |

**3 Seld þjónusta**

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | (5.504.997) | 6.716.060 |
| Sala á vöru og þjónustu | 8.343.500 | 7.784.000 |
| Verksala | 920.000 | 1.531.500 |
| Vörusala I | 50.000 | 0 |
| Vörusala II | 14.809.642 | 8.997.750 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 104.040 | 509.894 |
| Veitinga- og gistiþjónusta | 1.579.000 | 1.430.700 |
| | 20.301.185 | 26.969.904 |

**4 Framlög og ýmsar tekjur**

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 0 | 79.000.000 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 6.456.080 | 0 |
| Ýmsar tekjur | 3.374.648 | 341.257 |
| | 9.830.728 | 79.341.257 |

**5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður**

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Laun | 333.674.273 | 277.870.925 |
| Orlof, breyting | 11.850.054 | 2.201.853 |
| Launatengd gjöld | 75.812.655 | 63.658.047 |
| Starfsmannakostnaður | 6.845.883 | 6.108.646 |
| | 428.182.865 | 349.839.471 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 30,7 | 26,6 |

# Skýringar

**6 Annar rekstrarkostnaður**

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 978.432 | 586.217 |
| Byggingarvörur, almennar | 0 | 26.720 |
| Byggingarvörur, aðrar | 39.383 | 28.382 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 209.749 | 0 |
| Ýmis tæki og áhöld | 2.225.274 | 749.389 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 214.828 | 100.510 |
| Orkugjafar | 1.497.757 | 1.310.022 |
| Matvæli | 6.334.880 | 7.009.494 |
| Almennar rekstrarvörur | 750.076 | 472.912 |
| Vörukaup, almenn | 12.250.379 | 10.283.646 |
| | | |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 14.158 | 0 |
| Vörukaup, sérgreind | 14.158 | 0 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 31.523.729 | 27.831.343 |
| Ferðir, uppihald | 2.813.110 | 8.893.616 |
| Akstur | 1.390.428 | 821.811 |
| Sérfræðiþjónusta | 47.452.743 | 33.335.819 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 104.180 | 89.168 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 3.950.370 | 1.262.146 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 6.240.863 | 3.135.069 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 93.475.423 | 75.368.972 |
| | | |
| Afnotagjöld | 45.704.583 | 31.384.239 |
| Leigugjöld | 17.786.178 | 15.095.410 |
| Notkun véla og flutningatækja | 328.380 | 11.970 |
| Verkkaup | 9.504.570 | 3.203.307 |
| Kostnaðarhlutdeild | 2.090.691 | 2.088.177 |
| Tryggingar, lögboðnar | 261.862 | 261.397 |
| Opinber gjöld | 108.507 | 968.528 |
| Tilfærslur | 20.226 | 0 |
| Tapaðar kröfur | 0 | 178.547 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 75.804.997 | 53.191.575 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 181.544.957 | 138.844.193 |

**7 Afskriftir**

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 11.177.373 | 12.201.511 |
| Farartæki og vélar | 1.830.427 | 1.178.595 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna | 236.296 | 236.296 |
| | 13.244.096 | 13.616.402 |

## Skýringar

| 8 Óefnislegar eignir | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Óefnislegar eignir | 216.678 | 452.974 |

| Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2020: | Hugbúnaður |
|---|---|
| Stofnverð 1.1.2020 | 708.961 |
| | 708.961 |
| Niðurfært 1.1.2020 | 255.987 |
| Niðurfærsla ársins | 236.296 |
| | 492.283 |
| Staða 31.12.2020 | 216.678 |

| 9 Varanlegir rekstrarfjármunir | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 57.604.850 | 40.795.701 |
| Farartæki og vélar | 16.972.844 | 6.790.250 |
| | 74.577.694 | 47.585.951 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2020 | 103.953.861 | 11.489.549 | 115.443.410 |
| Viðbætur á árinu | 27.986.522 | 12.013.021 | 39.999.543 |
| | 131.940.383 | 23.502.570 | 155.442.953 |
| Afskriftir 1.1.2020 | 63.158.160 | 4.699.299 | 67.857.459 |
| Afskrift ársins | 11.177.373 | 1.830.427 | 13.007.800 |
| | 74.335.533 | 6.529.726 | 80.865.259 |
| Staða 31.12.2020 | 57.604.850 | 16.972.844 | 74.577.694 |

**10 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 236.390.242 | 273.721.898 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 0 | 722.000 |
| | 236.390.242 | 274.443.898 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 7.110.500 | 286.900 |
| | 7.110.500 | 286.900 |

**11 Handbært fé**

| | | |
|---|---|---|
| Tékkareikningar | 19.362.549 | 29.704.870 |
| Sparisjóðsreikningar | 31.348.992 | 30.430.781 |
| | 50.711.541 | 60.135.651 |

# Skýringar

**12 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| **Hrein eign** | **Hrein eign** | **Bundið eigð fé** | **31.12.2020** | **31.12.2019** |
|---|---|---|---|---|
| Jöfnuður 1.1. | 57.489.174 | 201.300.000 | 258.789.174 | 206.444.606 |
| Afkoma ársins | (51.054.785) | | (51.054.785) | 52.344.568 |
| Jöfnuður 31.12. | 6.434.389 | 201.300.000 | 207.734.389 | 258.789.174 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 201,3 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

**13 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | **31.12.2020** | **31.12.2019** |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 49.252.697 | 37.402.643 |
| Ógreidd laun | 0 | 920.412 |
| Önnur ógreidd gjöld | 260.752 | 238.996 |
| Skattar | 131.704 | 333.815 |
| | 49.645.153 | 38.895.866 |

**14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | **31.12.2020** | **31.12.2019** |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 74.794.372 | 48.038.925 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) …. | 9.207.703 | (2.592.754) |
| | 84.002.075 | 45.446.171 |

| | **Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga** | **Fjárfestinga-fjárveiting** | **Samtals frestaðar tekjur** |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2020 | 48.038.925 | (2.592.754) | 45.446.171 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 51.800.000 | 51.800.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 39.999.543 | (39.999.543) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (13.244.096) | 0 | (13.244.096) |
| | 74.794.372 | 9.207.703 | 84.002.075 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 5,6 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

# Skýringar

**15 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Póst- og fjarskiptastofnun hefur gert húsaleigusamning við Mænir Reykjavík ehf. til 15. júní 2024 og aðra ótímabundna rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslar vegna húsaleigu nema kr. 16,8 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 49 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Óafturkallanleg loforð*
Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.